

## Fundargerð háskólaráðs

316. fundur 31. maí 2012

kl. 10.15 – 12.30 í stofu 262, Borgum.

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.15.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri

---

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 315. fundar var borin upp og samþykkt.

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá stefnu Háskólans á Akureyri 2012-2017 sem kynnt var á ársfundi 24. maí. Enn er unnið að aðgerðaáætlun.

Sagði hann frá því að bygging 5. áfanga húsa á Sólborg er í undirbúningi. Vonast er til að hann verði tekinn í notkun um áramót 2013-2014, mögulega eitthvað fyrr.

Rektor sagði frá heimsókn Norman Sharp til HA 2. júní nk. en hann er tengiliður gæðaráðs háskólanna, Quality Council, við HA.

Páll Skúlason mun halda fyrirlesturinn *Siðferðileg köllun háskóla* í HA 1. júní. Sagði

Páll frá verkefni um siðferðilegt hlutverk háskóla sem nokkrir fræðimenn vinna í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við HA og RHA.

SSS.  
HAI  
HAI  
F. Sku.

Rætt var um að háskólaráð fengi kynningu á starfsemi Miðstöðvar skólaþróunar. Fram kom ábending um að tilkynningar um fyrirlestra og viðburði komi seint og þarf e.t.v. að ræða það.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl

"[málsnúmer]"

Rektor gerði grein fyrir því að staða háskólans í heild er 457.015 mkr. sem eru 30,96% af áætlun, en viðmiðið á þessum tíma er 33,33%.

Viðskipta- og raunvísindasvið sýnir frávik frá áætlun, 44,55%. Rektor taldi að áætlun skólans myndi standast þrátt fyrir það og að rekstur sviðsins yrði komið í jafnvægi um mitt ár 2013.

Rætt var um framlag ríkisins og útskýrði rektor að það miðar við ca. 1.300 ársnema nú.

3. Áreitniferlar

1203059

Sigrún Magnúsdóttir kom á fundinn. Bauð rektor hana velkomna.

Skýrði hún frá að verklagsreglur um kvartanir starfsmanna/nemenda vegna eineltis eða kynferðislegs áreitis eru viðbragðsáætlun háskólans í þessum tilvikum, og eru þær hluti af gæðahandbók HA. Sigrún sagði frá undirbúningi að gerð reglnanna og útskýrði þau skjöl sem lágu fyrir háskólaráði.

Fram kom sú spurning hvort tiltaka ætti að öryggisnefnd og jafnréttisráð yrði virkjað í slíkum málum. Fram kom að Miðstöð skólaþróunar hefur yfir að ráða ráðgjafa um mál af þessu tagi.

Fundarmenn lýstu ánægju með reglurnar. Rektor mun kynna þær í verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna.

Páll hvatti til þess að verklagsreglurnar yrðu vel kynntar meðal nemenda og starfsfólks.

4. Innleiðing Uglunnar

"[málsnúmer]"

Sigrún er fulltrúi HA í stýrihóp um innleiðingu Uglunnar. Sagði hún frá því að eftir yfirfærslu gagna úr Stefaníu í Uglu þann 21. júní mun hún ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum háskólans fara yfir það hvernig gögnin hafa skilað sér á milli. Eftir yfirfærslu mun einnig verða farið yfir virkni Uglunnar og þeir ferlar sem ekki eru fyrir hendi, en HA óskar að séu virkir, settir í forgangsröð í samráði við Reiknistofnun HÍ. Aníta Hannesdóttir starfsmaður nemendaskrár HÍ er ráðin til að aðstoða starfsfólk HA í júní og í ágúst. Kynningar verða haldnar á hinum ýmsu virknipáttum Uglunnar. Sigrún kvaðst bjartsýn á að verkefnið myndi ganga vel þó að ýmsir hnökrar kunni að koma upp. Rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og óskaði henni góðs gengis með framhaldið. Sigrún fór af fundinum.

5. Skipun í stjórn Góðvina 2012-2014

"[málsnúmer]"

Frestað.

6. Umhverfisstefna HA til samþykktar

"[málsnúmer]"

Rektor fór yfir breytingar frá síðasta fundi. Háskólaráð samþykkti umhverfisstefnuna einróma.

7. Ársskýrsla síðanefndar HA.

"[málsnúmer]"

Frestað, verður á dagskrá í haust.

8. Veiting viðurkenningar til starfsmanns vegna gæðaumbóta/framúrskarandi árangurs á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknum

1205062

Rektor gerði grein fyrir tilnefningar- og valferlinu. Tillaga er um að veita verðlaunin 2012 Ásu Guðmundardóttur skrifstofustjóra viðskipta- og raunvísindasviðs.

Háskólaráð samþykkti það einróma.

Handwritten signatures in blue ink: "F. Sk.", "BS", "EAS", "H. L.", "Hei".

9. Ráðning í stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs

1103082

Rektor skýrði frá að fimm hæfir umsækjendur voru um stöðuna:

Dr. Bjarni Gautason, dr. Hersir Sigurgeirsson, dr. Magnús Örn Stefánsson, dr.

Oddur Vilhelmsson og dr. Ögmundur Knútsson. Hersir dró umsókn sína til baka.

Rektor lagði til, á grundvelli auglýsingar, umsóknargagna, dómnefndaráliits og umsagnar fræðasviðsfundar viðskipta- og raunvísindasviðs, að Ögmundur Knútsson yrði ráðinn forseti sviðsins til næstu tveggja ára.

Tillagan var samþykkt einróma.

10. Rannsóknamisseri 2012-2013

1205055, 1205056, 1205057, 1205087

Rektor greindi frá því að umsóknir um rannsóknamisseri hafa borist frá Önnu Ólafsdóttur dósent, Birgi Guðmundssyni dósent, Guðmundi H. Frímannssyni prófessor og Sigríði Halldórsdóttur prófessor. Öll sækja þau um rannsóknamisseri haustið 2012 og á vormisseri 2013. Rektor hefur kynnt sér umsóknirnar og haft samráð við forseta viðkomandi fræðasviða. Mælti hann með því að öll fengju úthlutað rannsóknamisserum í samræmi við umsóknir. Vísaði rektor til 4. gr. reglna um rannsóknamisseri kennara við HA nr. 355/2012. Háskólaráð samþykkti það einróma. Umsóknir um ferða- og dvalarkostnað viðkomandi kennara í tengslum við rannsóknamisserin verða teknar fyrir sérstaklega.


11. Önnur mál.

Rektor sagði frá samstarfssamningi við Icelandair Group sem hann mun undirrita fyrir hönd HA. Styrkur Icelandair Group fer í sjóð við háskólann, en fyrirtækið mun e.t.v. eiga fulltrúa í stjórn sjóðsins. Styrkurinn á að renna til verkefna á sviði ferðamála.

Kristín spurði um notkun logos HA í auglýsingu um tiltekinn fund á Akureyri.

Rektor sagði að í því tilviki hefði logoið verið notað í heimildaleysi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.

  
A. P.  
Hafsteinn Ólafur Ástjórnaðóttir  
Hjónleifur Ólafsson  
Taru  
Björn Ólafsson